

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Suðureyri

„Það er ljóst að samningur um aflamark Byggðastofnunar til lengri tíma en eins árs er grundvöllur þess að hægt sé að byggja upp fyrirtæki og samfélag, eftir að farið var að gera samninga til allt að sex ára hefur orðið sú breyting á Suðureyri að tekist hefur að efla útgerð sem að hefur heilsárs verkefni sem er grundvöllur þess að geta rekið fiskvinnslu með einhverjum árangri allt árið. Þá hefur tekist að endurnýja tæki og tól til framleiðslu á hágæða sjávarfangi sem selt er á góðum verðum til Evrópu og Bandaríkjanna.

Þá hefur íbúapróun á Suðureyri frá árinu 2018 verið í takti við það að vel gengur í grunnatvinnurekstri íbúum hefur fjölgað um 16% eða úr 254 í 296 nú á árinu 2024.

Það er fleira sem að vert er að skoða í samhengi við þessa samninga, íbúðablokk hefur verið endurnýjuð byggð hafa verið 2 ný raðhús og fólk hefur sett fjármagn í endurnýjun á eldri húsum, þá er virkur fasteignamarkaður með eignir sem að fólk vill selja eða kaupa.

Þá hafa fyrirtækjunum sem að starfa á Suðureyri tekist að láta nokkuð fé til samfélagslegra verkefna, má þar nefna Kvenfélagið Ársól, Hollvinasamtök Félagsheimilisins og Sjómannadagurinn hefur fengið sinn verðuga sess í lífi íbúa Ísafjarðarbæjar, þá má ekki gleyma Act Alone en fyrirtæki á Suðureyri hafa lagt sín á lóð á þær vogaskálar sem gera framkvæmdaaðilum þar kleift að hafa alla viðburði án þess að greitt sé fyrir. Þá má ekki gleyma því að fyrirtækin hafa styrkt einstaklinga til þátttöku í íþróttastarfi á bæði Evrópu og heimsvísu, ásamt því að flokkaíþróttir eru með samninga við fyrirtækin um styrk við þeirra starfsemi.

Aflamark Byggðastofnunar eru verðmæti sem afhent eru þeim sem að samið er við, aflamarkið á að styðja við byggðafestu og skapa fólk lífsviðurværi í þeim samfélögum þar sem að þeim er úthlutað, það á að styðja við og styrkja þá atvinnustarfsemi sem að er í viðkomandi samfélögum og stuðla að því að heilbrigður rekstur þrífist, því er mikilvægt að þeir aðilar sem að samið er við séu meðvitaðir um að ekki er hægt að fara með þessi verðmæti eins og þau séu þeirra eigin, aflamarkið er fyrir alla þá sem koma að viðkomandi starfsemi sem samningur er gerður við, það fylgir ábyrgð því að vera aðili að samning um aflamark. Útgerð, vinnsla, starfsfólk og samfélög eiga að njóta þess afraksturs sem til verður. Ekki bara einn þessara aðila heldur allir.

Margir hafa skoðun á úthlutun og þeim samningum sem gerðir eru og oft falla orð sem oftast eru betur ósögð. Margir skilja ekki en hafa skoðun, ég hvet alla til þess að setja sig inn í málin og treysti því að ef þeir gera það að þá muni fólk uppgötva að það getur verið gott að vera í samfélagi sem nýtur þessa stuðnings, sem jú fyrst og fremst er ætlaður til

Þess að tryggja byggðafestu og lífsviðurværi þess fólks sem kýs að búa á viðkomandi stöðum, og vill bara fá að vera í friði og hafa það gott í því umhverfi sem það býr í og njóta þeirra gæða sem að viðkomandi staðir búa yfir.

Í mínum huga hefði Fiskvinnslan Íslandssaga hf. og Klofningur ehf. ásamt fleiri fyrirtækjum ekki vaxið og dafnað sem raun ber vitni um nema af því að þau voru valin til þess að fara með þessi verðmæti og hafa gert það vel og fyrir opnum tjöldum undir eftirliti Byggðastofnunar, sem jú fékk fjöður í hatt sinn fyrir framkvæmd á þessum samningum frá Ríkisendurskoðun fyrir stuttu.“

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Íslandssögu ehf. og Vestfisks ehf.